

ÍSAN2DT05

Búið til: Mon, 07 Mar 2022 10:02:11 GMT

Titill

Íslenska sem annað mál, dagleg umræða og talað mál

Skammstöfun

ÍSAN2DT05

Útgáfunúmer

17

Námsgrein

Íslenska sem annað mál

Viðfangsefni

Dagleg umræða og talað mál

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum lesa nemendur og hlusta á margvíslega texta, auk þess að horfa á myndbönd og leysa verkefni tengd þeim. Þeir hlusta m.a. á og lesa texta um íslenskt samfélag, svo og texta um almenningsvísindi. Mikil áhersla er á talað mál og að auka sjálfstraust nemenda í munnlegum samskiptum. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir í að velja sér umfjöllunarefni og beri þannig aukna ábyrgð á tileinkun tungumálsins. Tilteknir textar eru lesnir ítarlega og aðrir yfirborðslega, því hvort tveggja er nauðsynlegt að kunna þegar nýtt tungumál er lært.

Forkröfur

15 einingar í ÍSAN.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi á Íslandi
- orðaforða sem tengist ólíkum þáttum íslensks samfélags
- mæltu máli á íslensku á þeim hraða sem tíðkast meðal Íslendinga
- yfirborðslestri almannavísindatexta
- áhorfi og hlustun á efni um íslenskt samfélag

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og hlusta á íslenska texta um daglegt líf á Íslandi
- lesa og hlusta á texta um íslenskt samfélag
- færa rök fyrir máli sínu
- lesa og hlusta á almannavísindatexta
- hlusta og/eða horfa á útvarps- og/eða sjónvarpsefni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- svara spurningum, munnlega og skriflega, úr ítarlega lesnum textum
- greina frá meginefni allflokkinna texta (yfirborðslestur)

- skrifa stuttar ritgerðir um innihald íslenskra sjónvarpsþátta
- gera grein fyrir ýmsum þáttum íslensks samfélags sem kynntir eru í textanum
- taka þátt í samtölum við innfædda málnotendur um hin ýmsu málefni
- geta haldið kynningar á íslensku þar sem sagt er frá eigin verkefnum eða reynslu
- leggja stund á nám ætlað íslenskum nemendum á framhaldsskólastigi

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi með áheherslu á leiðsagnarmat þar sem verkefni nemendans eru nýtt sem námsefni í málnotkun og orðaforða.

Skólar

Fyrirmynd